

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssona**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði (12.mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði.*

Ofangreind tillaga leggur til að úttekt verði gerð á vernd neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum og unnið verði að tillögum um hvernig megi styrkja stöðu neytenda. Megin markmið með úttekt sem þessari og aðgerða í kjölfarið ætti að vera að tryggja að neytendavernd á fjármálamarkaði sé ein af forsendum þess markaðar, sbr. til að mynda minnihlutavernd á verðbréfamarkaði. Samráð er lykilatriði í þessari vinnu og að tekið sé tillit til allra sjónarmiða. Meta þarf kerfið í heild og vega og meta mismunandi hagsmun og sjónarmið þegar vernd sem þessi er tryggð. Aðkoma allra aðila að undirbúningi og vinnu er því nauðsynleg.

*Viðskiptaráð Íslands leggur til að tillagan nái fram að ganga.*

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands